

Námsvísar

Fag: Stærðfræði 8. bekkur

Kennari: Hörður Ríkharðsson og Lilja Jóhanna Árnadóttir

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlögn á töflu, einstaklingsaðstoð, hópa- paravinna í ákveðnum verkefnum s.s. þrautalausnum.

Einstaklingsnámskrár og/eða aðlagð námsefni/námsmat:

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none">• Að allir hafi tækifæri til að nýta styrkleika sína og byggja upp jákvæða sjálfsmynd í tengslum við stærðfræði.• Að öllum sé skapaðar aðstæður til að nýta hæfileika sína og byggja upp góðan grunn í stærðfræði.• Að allir geti unnið að skýrum markmiðum og bætt námsárangur sinn.• Að lögð sé áhersla á að allir stuðli að jákvæðum skólabrag.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none">• Að öllum sé skapað tækifæri til að þrskast á eigin forsendum.• Að allir hafi sömu möguleika til að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Að borin sé virðing fyrir mannréttindum nemenda, viðurkenning á hæfileikum þeirra og þrskamöguleikum.• Að styðja nemendur í að beita gagnrýnni hugsun.

	<ul style="list-style-type: none"> • Að stuðla að ábyrgð á eigin námi og efla framtíðarsýn.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • Að efla læsi í stærðfræði ásamt því að bæta skilning á hugtökum tengd faginu. • Að allir hafi tækifæri til að bæta eigin skilning og merkingu.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • Að markmið menntunar sé geta til aðgerða. • Að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni er tengjast faginu.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • Að stuðla að tengingu við fyrri þekkingu og skapa nýja. • Að fara út fyrir hið þekkta og auka þannig þekkingu sína og leikni í faginu. • Að efla ígrundun og frumkvæði við stærðfræðileg viðfangsefni.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Allt	Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfingar. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra.		Símat
	Allt	Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það		Símat

<p>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</p> <p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</p>	<p>Allt</p>	<p>á merkingarbæran hátt. T.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.</p> <p>Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræði verkefna og gefið öðrum viðbrögð m.a. með því að spyrja markvisst.</p> <p>Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.</p>		<p>Símat</p>
<p>Tölur og reikningur</p>	<p>Skali 1a og Almenn stærðfræði I</p>	<p>Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.</p> <p>Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</p> <p>Nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.</p>	<p>Innlögn á töflu ásamt einstaklingsaðstoð og paravinna í skilgreiningarverkefni.</p>	<p>Kaflapróf (glósupróf). Skilgreiningarverkefni en í því felst mat á útreikningum sem notaðir eru til að útskýra stærðfræðihugtök, ásamt mati á munnlegum og skriflegum útskýringum á sömu hugtökum.</p>

Algebra	Skali 1b, Almenn stærðfræði I og Átta til tíu bók 1	Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.	Innlögn á töflu ásamt einstaklingsaðstoð.	Kaflapróf.
Rúmfræði og mælingar	Skali 1a og Átta til tíu, bók 1	Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma. Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum.	Innlögn á töflu ásamt einstaklingsaðstoð. Innlögn vegna hugtakakorts.	Kaflapróf. Hugtakakort; hvort viðkomandi hugtök sé sett fram á skipulegan og rökréttan hátt og vel skilgreind.
Tölfræði og líkindi	Skali 1b, Átta til tíu, bók 1 og efni frá kennara	Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa skýra og túlka gögn. Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.	Innlögn á töflu ásamt einstaklingsaðstoð. Paravinna við tölfræðikönnun.	Kaflapróf(gagnaþróf). Tölfræðikönnun; skipulögð og rökrétt uppsetning og að ályktanir séu rökréttar og í samræmi við niðurstöður könnunar.